

Karlar í krapinu, kyndásar og kyndólgar

Það eru almælt tíðindi, að karlmennskan sé á hverfanda hveli. Karlar deyða sig sem sjaldan fyrr. Hinir beygja sig kvenfrelsunarduftið, kikna í hnjáliðunum, velkjast um í vímu eiturefna firrtir ráði og rænu, slæpast utangarðs ólæsir og óskrifandi. Þeir gerast nábleikir stígi þeir inn í „sjónmál“ kvenna, lyppast niður, tapa reisn og missa niður um sig. Þeir áráða ekki að stíga í vænginn við konu af ótta við ásakanir um kynferðislegt ofbeldi. Þeir stunda því kynlíf hver með öðrum, fróken fimm eða munúðardúkkum. Hnappheldunni sneiða þeir hjá, enda kvendrottnunargildra orðin. Börn er varla getin af yfirlögðu ráði, enda yrðu þau trúlega frá þeim tekin. Það er auðveldast og notalegast að flýja á náðir mömmu, sem einu sinni sá þeim fyrir næringu og skjóli. Skjárinn veitir þeim spennu og nautn. Þeir verða að vanburða vesalingum – kynvana í þokkabót.

Úr því, að svona er komið sögu, er ekki úr vegi að rifja upp orð hins gagnfróða norður-ameríska mannfræðings, David G. Gilmore, sem fyrir þrjátíu árum skrifaði bókina: „Mannómur í deiglu. Menningarleg hugtök um karlmennsku (Manhood in the Making. Cultural Concepts of Masculinity):

„Öll samfélög veraldar greina á milli karl- og kvenkyns og má þá einu gilda, hvað fólgið er í annars konar siðboðum. [Sömuleiðis] gera öll samfélög stofnanabundna aðgreiningu hlutverka karla og kvenna. Það eru einungis fá samfélög, sem viðurkenna þriðja kynið, millikynið ...“ [E]n jafnvel í þeim sjaldgæfu tilvikum, þar sem um er að ræða „kynlaust“ fólk, verður hver einstakur að velja sér kynsamsemd (kynvitund) og lifa samkvæmt gildandi reglum um kynhegðun. Aukin heldur halda fest samfélaga í heiðri viðurkenndar hugsjónir - hugmyndir til leiðbeiningar og aðhalds – um karl- og kvenmennsku. Á grundvelli þeirra er gildi fólks metið, annað hvort sem karl- eða kvenmaður. Kyntengdar hugmyndir eða fyrirmyndir verða oft og tíðum kjölfesta sálarlífsins eða vitundar flestra, verður jarðvegur sjálfsskynjunar og sjálfsvirðingar.“ (bls. 9-10)

„[F]lestir samfélagsvísindamanna væru á einu máli um, að um sé að ræða áberandi sameiginlega þætti í karlmennsku annars vegar og kvenmennsku hins vegar - þvert á menningaskil og án tillits til annars félagslegs fyrirkomulags.“ (bls. 10)

„[R]aunveruleg karlmennska er annað og meira en karllíkami. [Hún er ekki] eðlislægt ástand sem verður til af sjálfu sér við innri þroskun. Um er að ræða háskalega og tilbúna stöðu (state), sem drengir öðlast í öflugri mótdrægni. ... [Þessi sannfæring] ríkir meðal fábrottnustu þjóða veiði- og fiskimanna, meðal bænda og fagaðra iðnaðarþjóða (urbanized). Hennar gætir í öllum álfum og alls konar umhverfi. Hún er virt meðal stríðsæsingaþjóða sem og þeirra, sem aldrei hafa deytt í bræði.“ (bls. 11)

„Það er sjaldan svo, að ósvikin kvenmennska skapist við prófun eða sönnun í verki – eða í viðureign við hættulega andstæðinga – eða í tilprifamikilli samkeppni fyrir allra augum, þar sem úrslit greina á milli sigurvegara og minnipokamanna. Miklu oftast er þannig litið á, að kvenmennska sé eðlislæg. Því er hún menningarlega faguð og frjóvuguð fremur en að standast þurfi voðapróf, duga eða drepast. (bls. 12)

„Í nær öllum þeim samfélögum, sem mannfræðingar þekkja til, felst í hinni sönnu karlmennsku annað og meira en karlkyn sem slíkt. [Í sannri karlmennsku er fólgin] viðsjál og tilgerð staða, krefjandi ímynd, er hvetur til dáða; [ímynd sem] drengir og fullvaxta karlmenn þrá og þurfa að ávinna sér til að verða aðnjótandi hylli menningar sinnar.“ (bls. 17)

Manndómsvígslan er í raun fyrsti áfangi karlmenskunnar. Henni skal viðhaldið. Frammistaðan er stöðugt metin. Standi karlinn sig ekki í stykkinu er honum því núíð um nasir, að hann sé deigur, kvenlegur eða barnslegur. Slíkur karlmaður er mannleysa kallaður, dási, ónytjungur, úrhak, sorp, utangarðsmaður og þar fram eftir götunum. Hann er gerður að opinberu athlægi. Konur Mehinahu þjóðflokksins í Mið-Brasilíu hafa t.d. karla/elskhuga sína að háði og spotti, fá þær ekki fullnægingu. Útvegi þeir ekki mat er þeim meinað um kynlíf.

„Jafnvel þar, sem hið svokallaða „þriðja kyn“ er við lýði – er dæmigerð kven- og karlmennska skýrt aðgreind.“ (bls. 23)

„En guginn karlarnir og leggi niður vopn í orrustu eða ef þeir nenna ekki að veiða, er sennilegt, að ættbálkurinn líði undir lok. Jafnvel í kynlífi og við getnað verður karlmaðurinn „að sýna dug“ í sama skilningi. Karlar verða að taka frumkvæði í tilhugalífi, verða að smjúga inn í konur til að gera þeim barn. Í lífeðlislegum skilningi er einungis karlinum hætt við niðurlægjandi skömm við samfarir eins og við fjáröflun og hernað.“ (bls. 120)

Í menningu norður-amerískra Gyðinga, þar sem konur hafa karla í hendi sér, er einnig að finna hugtak um hina sönnu karlmennsku: „Sé eiginkona ánægð með karlinn sinn, er hann „Mensch“ [maður] í hennar augum, ... [Það] merkir karl í krapinu [sannan karl]. Tengdamóðirin, sem er aðaldómari í málinu, gæti jafnvel tekið undir það. Maður með mönnum er hæfur, áreiðanlegur, fjársterkur og umfram allt hjálpsamur og tillitssamur við þá, sem honum eru háðir. ... Hinn sanni karl sýnir frumkvæði og ábyrgð, er óhagganlegur klettur. [Þar að auki] hefur hann feðrað frambærileg börn, séð sómasamlega fyrir fjölskyldu sinni og gaukað að konu sinni því, sem hún þarfnast (eða fremur því, sem hún gírnist).“ (bls. 127)

„Meðal þjóða Masai og Samburu [í Keníu og Tansaníu] felur hugmyndin um manndóm einnig í sér ættbálkinn, hugmynd um siðferðilegt þrek með rætur í skuldbindingu gagnvart markmiðum heildarinnar. Manndómur þeirra snýst því ekki einvörðungu um þrótt og hugþryði heldur siðferðilega fegurð, sem lýsir sér í fórnfúsri hollustu við þjóðarsálina. Manndómurinn rúmar þann mikilvæga skilning, að karlmaðurinn sé eingöngu metinn af afrekum sínum öllum og þau séu í raun eftirmæli hans [og orðspor].“ (bls. 144-145)